

Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar		
	Annar fundur skólaráðs		
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
05.12. 2014	(08:15 – 09:50)	Skrifstofa skólastjóra, Hjalla	2
Fundarboðandi	Fundarritari	Fundarstjóri	Fj. bls.
Sigrún B.	Sigrún Guðm.	Sigrún B.	1

Boðaðir voru:
Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Pálsdóttir, Selma Guðmundsdóttir, Karl Einarsson, Birna Særós Sigurbersdóttir og María Kristín Jóhannesdóttir.
Mættir voru:
Allir mættir, nema Hólmfríður og Ragnar.
Málefni fundar:
<ol style="list-style-type: none"> 1. Mat á skólastarfi 2. Niðurstöður samræmdra prófa og úrbætur 3. Fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun 4. Önnur mál.

Málefni	Niðurstaða
1. Mat á skólastarfi	Umræða um skýrslu um mat á skólastarfi. Fyrirspurnir komu um matseðil og um einelti meðal vina – eineltisdagur í haust ræddur og kynnt var hvernig hann gekk fyrir sig, gera verður greinarmun á samskiptavandamálum og einelti. Einar Gylfi og Þórkatla hafa komið og unnið með samskipti meðal starfsfólks sem er hluti af úrbótum. Áætlað er að senda vikulega tölvupósta en fram kom að það er ekki alveg að skila sér sérstaklega ekki á unglingsstigi. Farið yfir lærdómsaðstöðu á bókasafni sem nemendur geta nýtt sér. Rætt um samræmt heimanám í árgangi en fulltrúar nemenda á fundinum eru nokkuð sáttir við heimanám unglingsstigs. Hugmynd að ræða heimanám á Stefnumótunardegi í vor. Rætt um fjölbreyttar leiðir í námsmati nemendur ánægðir með simat. Rýnihópar verða aftur í vetur en vinna þeirra hefur gefið góða raun. Farið yfir það sem gert hefur verið á skólalóðinni í Digranesi. Umbótaáætlun ytra mats en unnið hefur verið með hvar við erum stödd en því lýkur ekki fyrr en námskráin er að fullu komin í gagnid. Skýrsla samþykkt og send til yfirlestrar.
2. Niðurstöður samræmdra prófa og úrbætur	Samræmd könnunarpróf, 4.b yfir landsmeðaltali. 7.b á landmeðaltali. Í 10. bekk er erfiðara að rýna í niðurstöður þar sem farið er gefa ABCD. Verið er að skoða niðurstöður árganganna, skoða prófin og vinna með þættina.
3.Fjárhagsuppgjör og framkvæmdaáætlun	Hafa ekki borist ekki komið frá bænum og verða þessir liðir því teknir fyrir síðar.
4 Önnur mál	Allir skólastjórar Kópavogs fara á Bett ráðstefnu til Bretlandseyja að kynna sér upplýsingatækni. Einn Verkefnastjóri og þrír kennsluráðgjafar verða ráðnir hjá bænum. Rætt um Dægradvöl. Næsti fundur áætlaður í janúar. Fundi slitið 9:50